



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps.

1. fundur

Haldinn á skrifstofu sveitarstjóra þriðjudaginn 2. september 2014 kl. 16:00.

Mættir: Arnheiður Rán Almarsdóttir, Bergþóra Kristjánsdóttir Grænavatni, Aðalsteinn Dagsson, Helgi Héðinsson (4 varamaður) og Böðvar Pétursson sem ritaði fundargerð.

1. Arnheiður formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.
2. **Staða sorpmála:** Bergþóra kynnti starf vinnuhóps um sorpmál en í honum sitja, auk hennar, Böðvar og Birgir Steingrímsson. Hópurinn hefur hittst þrisvar sinnum þ.a. einu sinni með sambærilegum vinnuhópi úr Þingeyjarsveit, þann 1. september. Á þeim fundi var samþykkt að beina því til sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að auglýsa hið fyrsta eftir samstarfsaðila um þróun á sorphirðu í sveitarfélögunum. Nokkrar unræður urðu um málið og voru fundarmenn sammála um að það virtist í góðum farvegi.
3. **Önnur mál:**
Erindisbréf: Ákveðið að vinna erindisbréf fyrir nefndina. Formanni falið að vinna það í samráði við sveitarstjóra.

Umhverfisstefna: Samþykkt að taka umhverfisstefnu Skútustaðahrepps til skoðunar.

Fundartími: Mánudagar kl 09:00 eftir þörfum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16:45.

Arnheiður Rán Almarsdóttir
Aðalsteinn Dagsson
Bergþóra Kristjánsdóttir
Böðvar Pétursson
Helgi Héðinsson